

OLAFUR RAGNAR GRÍMSSON:

Nú verða vinstrimenn að taka höndum saman

— til að verja efnahagslegt sjálfstæði íslensku þjóðarinnar



„Það er söguleg nauðsyn, að íslenskir jafnaðarmenn taki höndum saman og eflí til valda samhenta sveit sem nýtur stuðnings verkalyðshreyfingar og annarra launþegasamtaka, félagssinnaðra bænda, róttækra samvinnumannna og allra þjóðhollra aflla. Sundrung fortíðarinnar og syndir feðranna mega ekki standa í vegi fyrir slíkri samfylkingu.“ — sagði Olafur Ragnar Grímsson m.a. í athyglisverðri ræðu í útvarpsm-ræðunum frá alþingi síðastliðið fimmtudagskvöld.

Síðustu áratugi hefur framfarasókn þjóðarinnar verið mótuð af 3 meginhugsjónum: hugsjóninni um stjórnarframsleg og efnahagslegt sjálfstæði, hugsjóninni um allhliða eflingu byggðar í öllum landshlutum, hugsjóninni um jöfn kjör og alkomuþryggi. Þessar hugsjónir hafa verið drifkraftur alls hins besta sem við höfum áorð, leiðarljós við uppbyggingu nútíma Íslands. Þúndur manna hafa lagt stjórnmalastarfsemi líð í trausti þess að í samtíð og framtíð yrðu þessar hugsjónir að veruleika. Þær fælu í sér fjöregg þjóðarinnar.

Þegar ríkisstjórn Íslands gengur nú í annan sinn fram og kynnr bóðskap sinn er eðlilegt að hver og einn, hér í þingsölum og utan þeirra, spyrja í alvöru og hreinskilni: Hvert er fórnin heitið? Hvert stefnið þú, herra þessa lands? Er ykkar starf í anda heigutsu hugsjóna þjóðarinnar? Er fjöreggið öruggt í ykkar höndum? Slíkar spurningar eru einkum brennandi á þessari stundu. Fyrsta ár ríkisstjórnarinnar hefur jafnt og þétt alið úgg í brjósti allra landsmanna. Þjóðin er slegin ótta. Hún sér að stjórn, sem átti að vera sterk, stendur á brauðfótum. Hún horfir á menn sem sögðust hafa stefnu standa uppi með hendur tómar. Hún finnur að vandin magnast dag frá degi. Námsmenn efna til fjóða-ágerða, sjómenn sigla flotanum í höfn. Hún veit að verið er að fórna þeim hugsjónum, sem áttu að móta sögu þjóðarinnar. Hið unga íslenska lýðveldi hefur aldrei fyrr lifað slíka órlagatíma.

Þjóðargjaldprot

Í stað stjórnarframslegs og efnahagslegs sjálfstæðis blasir nú við þjóðargjaldprot. Erlendar skuldir hláðast upp. Við skuldbindingar sínar.

opinberra starfsmanna fé ekki laun sín greidd á réttum tíma vegna greiðslubrots ríkisstofnana. Jafnvel sjúkrahúsin í landinu verða að taka lán til að geta haldið sér gangandi einn mánuðinn enn. Íslenska ríkið er ekki aðeins gjaldproti út á við, það er einnig gjaldproti gagnvart eigin þegnum.

„Eins og krækiber í helvíti“

Þannig hafa þessir herrar á skömmum tíma leikið grundvallarhugsjónina um sjálfstjórni og efnahagslegt sjálfstæði. En þeir hafa einnig kastað hinum meginhugsjónunum fyrir róða, bæði hugsjóninni um eflingu hinna dreifðu byggða og hugsjóninni um bætt kjör alþýðunnar.

A meðan fjármagn til hafna, skóla, heilsgæslustöðva, vega og annarra framkvæmda í öllum heruðum Austurlands, Norðurlands, Vestfirðja og fleiri landshluta er ýmist skorið niður eða að engu gert, er byrjað að framkvæma fyrir a.m.k. 20.000 milljónir á suðvesturhorni landsins: herframkvæmdir, jarnbændiverksmíðja og stórvirkjanir. Hin svokallaða byggðastefna ríkisstjórnarinnar er einhver ósvífasta blekking síðari ára, enda er svo komið að hinir hreinskilnari þingmenn ríkisstjórnarinnar neita að taka þátt í þessum skollaleik. Sverrir Hermannsson, hæstvartur þingmáður Sjálfstæðisflokksins og annar stjórnandi Framkvæmdastofnunarinnar, lýst því yfir í Morgunblaðinu sí. sunnudag, að fé Bygðasjóðs, þessir silfurpeningar sem forkollfar Framsóknarflokksins budu kjösendum í stað hinna sviknu kosningayfirlýsinga, væri — og þetta eru óbreytt orð þingmannsins: — „eins og krækiber í helvíti, ef miðað er við einokun subvesturlandsins á stórvirkjunum og stóriðju“. Og hann bætir við að þessi framkvæmdast. ríkisstj. sé — og aftur orðrétt: — „mesta byggðaröskun af mannavöldum er þekkt hefur hér á landi bæði fyrir og síðar“. Já, bragð er að þegar kempan Sverrir Hermannsson getur ekki örba bundist: „Mesta byggðaröskun af mannavöldum“. Og þessi

þingmaður sviptir einnig silki-hjúpnun af hinum áferðafall-egu yfirlýsingum orkumála-ráðherra Gunnars Thoroddsens. Sverrir Hermannsson tilkynnir Austfirðingum og Norðlendingum í Morgunblaðinu sí. sunnudag, að hvorki verði virkjað á næstu árum í Bessastaða né Bláundu. Allar rannsóknir og yfirlýsingar um þessar virkjanir séu bara syndarmenska sem höfð sé í frammí, eins og hann segir, til að — orðrétt — „geta haldið áfram í friði að byggja stórt á suðvesturhorninu“. Þegar helsti sérfræðingur og byggðamálastarfsmaður stjórnarinnar hefur kveðið upp slíkan afdráttarlausan dauðadóm yfir byggðastefnuleikk-ingum þessara herra, þarf ekki frækur vitnanna við. Hugsjónin um eflingu hinna dreifðu byggða er í molum.

Þúsundir heimila nær bjargbrota

Um kjör alþýðu manna þarf ekki að fjölyrða. Þessi ríkisstjórn hefur gert þúsundir heimila nær bjargbrota. Hún hefur fært marga milljarða frá hinum almenna launamanni til verslunarforkollfanna. Heildsala og kaupmennska er eini atvinnuvegurinn sem hefur blómstrað í tíð þessarar ríkisstjórnar. Hún hefur vissulega séð um sína á meðan sjómenn, verkamenn, kennarar og hundruð annarra laglaunahópa hafa verið kráðir um æ stærra fórnir. Og í kvöld bóðaði hæstvartur forsætisráðherra að kaupmáttur heimilanna myndi á þessu ári enn halda áfram að lækka um a.m.k. 16%. En verslunin, heildsalar og kaupmenn, munu hins vegar halda áfram að græða. Það var ekki orð í stefnumótunni um þeirra fórnir.

Vinstrimanna biður mikið verk

Góðir Íslendingar. Núverandi ríkisstjórn hefur ekki aðeins magnað verðbólgu-balið til muna, hún hefur einnig kastað fyrir róða þeim hugsjónum sem móta áttu Ísland samtímans og framtíðarinnar. Sjálfstæði Íslands, byggðin í landinu, velferð þeganna, grundvallast hins vegar á því að

þessar hugsjónir verði á ný leiðarljós.

Hér biður flokka verkalyðs og jafnaðarstefnu nú mikið verk. Það er söguleg nauðsyn að Íslenskir jafnaðarmenn taki höndum saman og eflí til valda samhenta sveit sem nýtur stuðnings verkalyðshreyfingar og annarra launþegasamtaka, félagssinnaðra bænda, róttækra samvinnumannna og allra þjóðhollra aflla. Sundrung fortíðarinnar og syndir feðranna mega ekki standa í vegi fyrir slíkri samfylkingu. Heill Íslensku þjóðarinnar, hugsjónir sósíalísma og þjóðfrelsis, knýja forystumenn og fylgjendur allra þessara flokka, bæði Alþýðubandalags, Alþýðuflokks, Samtakanna og annarra róttækra baráttuaflla til að taka nú höndum saman. Það er ekki nóg, ísl. vinstrimenn að gagnryna þessa ríkisstjórn, við verðum líka að sýna þjóðinni varanlega samstöðu í okkar rötum. Við höfum nógu lengi skemmt haldi þessa lands með því að ganga sundrabir til baráttu. Þessi vetur kanna að verða órlagaríkur fyrir Íslenska vinstrihreyfingu. Við verðum að sannfæra þjóðina með okkar eigin samstöðu að við getum leitt hana á nýja braut. Takist slíkt mun hinn þjóðhollari hluti Íslenskrar borgarastéttar, útgærdarmenn og iðnrekendur, sem nú þegar sjá hvernig Íslenskum atvinnuvegum er fórnar fyrir hagsmunum heildsala og erl. stórfyrirtækja, skilja að til lengdar er það þjóðfrelis-stefna vinstrihreyfingarinnar sem er forsenda fyrir efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Á síðari hluta 20. aldar, þegar Swiss Aluminium, Union Carbide, John Manville og Bandaríkjafer eru orðin helstu atvinnurekendur Íslands og fleiri slíkir eiga að dómi ríkisstjórnarinnar að sigla í kjölfarið, þá verður sjálfstæðis-hreyfing Íslendinga að grundvallast á baráttukrafti flokka jafnaðarstefnu og þjóðfrelsis-hugsjóna. Því heiti ég á alla Íslenska vinstrimenn og þjóðholla borgara hvar í fl. sem þú standið að taka höndum saman og verja efnahagslegt sjálfstæði Íslensku þjóðarinnar, byggðina í landinu og kjör alþýðunnar. Við höfum verk að vinna.

BSRB úr Kjaradómi og Kjaranefnd

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur látið fulltrúa sína í Kjaradómi og Kjaranefnd segja af sér störfum og „setur ekki á una afgreiðslu þessara gerðardóma framvegis“, eins og sagði í ályktun fundar stjórnar bandalagsins, samninganefndar og verkfallsráttar-nefndar, er tók þessa ákvörðun.

Jafnframt ákvað BSRB að skipa sérstaka verkfallsnefnd bandalagsins, en „hlutverk hennar er að undirbúa og stjórna eftir nánnari ákvörðun samninganefndar og stjórnar BSRB áðgerðum til að knýja fram kröfur samtakanna“. Þessar ákvarðanir voru teknar eftir að BSRB hafði haldið

fundi með opinberum starfsmönnum um allt land til þess að kanna hug þeirra til verkfallsréttarmálsins, og eftir að ríkisstjórn hafði lagt fram á samningafundi launabíð, sem full-trúar BSRB tilbodu algjörlega ó-víðanandi. Í verkfallsnefnd BSRB eiga sæti: Bergmundur Guðlaugs-

son, Tollvarðafélagi Íslands, Þórhallur Halldórsson, Starfsm.fél. Reykjavíkurborgar. Agust Geirsson, Féll. Ísl. stíamanna, Albert Kristinsson, Starfsm.fél. Hafnarjarðar, Einar Ólafsson, Starfsm.fél. ríkisstofnana, Gísli Guðmundsson, Lögreglufl. Reykjavíkur, Hilmar Ingólfsson, Landssam-

bandi framhaldsskólakennara, Kristín Tryggvadóttir, Sambandi Ísl. barnakennara, Sigur-veig Sigurðardóttir, Hjúkrunar-félagi Íslands, Vilhjálmur Grímsson, Starfsm.fél. Kefla-víkur. Þá munu formaður BSRB og báðir varaformenn þess starfa með verkfallsnefndinni.